Nr. 1280 24. september 2024

# GJALDSKRÁ

**Akraneskaupstaðar fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.**

1. gr.
*Gjöld.*

Fyrir útgáfu leyfa og vottorða, úttektir, yfirferð gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Akraneskaupstaður veitir vegna byggingar- og leyfisskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir Akraneskaupstaður í umboði bæjarstjórnar gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.
*Byggingarleyfis- og stöðuleyfisgjöld.*

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísun til 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 skal innheimta gjöld sem hér segir:

*2.1. Byggingarleyfisgjald.*

| | | |
|---|---|---|
| 2.1.1 | Íbúðarhúsnæði, gjald pr. m² | 720 kr. |
| 2.1.2 | Annað húsnæði s.s. sólstofur, garðhús og gripahús, pr. m² | 500 kr. |
| 2.1.3 | Stofnanir og atvinnuhúsnæði, pr. m² | 400 kr. |
| 2.1.4 | Niðurrif | 50.000 kr. |
| 2.1.5 | Breytingar á innra skipulagi, minni háttar | 20.000 kr. |
| 2.1.6 | Breytingar á innra skipulagi, meiri háttar | 40.000 kr. |

*2.2. Gjöld vegna stöðuleyfa.*

| | | |
|---|---|---|
| 2.2.1 | Fyrir gáma, báta, skúra og dúkskemmur, veitt til eins árs | 50.000 kr. |
| 2.2.2 | Fyrir torgsöluhús, söluvagna, -skúra og samkomutjöld, fyrir 0-3 mánuði | 50.000 kr. |
| 2.2.3 | Fyrir torgsöluhús, söluvagna, -skúra og samkomutjöld, 1-4 dagar | 20.000 kr. |
| 2.2.4 | Fyrir auglýsingaskilti, veitt til eins árs | 50.000 kr. |
| 2.2.5 | Fyrir sumarhús í smíðum ætluð til flutnings, veitt til eins árs | 50.000 kr. |

Varðandi stöðuleyfi þá vísast í gr. 2.6.1. Umsókn um stöðuleyfi og 2.6.2. Heimild leyfisveitanda til að fjarlægja lausafjármuni, í byggingarreglugerð nr. 160/2010.

Innifalið í ofangreindum gjöldum er ein yfirferð aðal- og séruppdrátta, fokheldisvottorð og vottorð vegna öryggis- og lokaúttektar, eitt af hverri tegund. Heimild er til að innheimta kostnað vegna yfirferðar séruppdrátta þegar um er að ræða stærri byggingar eða flókin mannvirki.

Kostnaður vegna útsetningar á greftri/mannvirki og lóð, úttekta, förgunar á jarðvegi auk uppgraftrar og fyllingar vegna gatnagerðar er innheimtur sérstaklega.

3. gr.
*Gjöld fyrir skipulagsvinnu.*

Vegna grenndarkynninga skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfa skv. 13. og 14. gr. og vegna deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum skv. 36. og 38. gr. sömu laga, skal innheimta gjöld sem hér segir:

*3.1. Aðalskipulagsbreytingar.*

| | | |
|---|---|---|
| 3.1.1 | Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 | 200.000 kr. |
| 3.1.2 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður | 230.000 kr. |
| 3.1.3 | Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr. | 120.000 kr. |
| 3.1.4 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður | 120.000 kr. |

*3.2. Deiliskipulagsbreytingar.*

| | | |
|---|---|---|
| 3.2.1 | Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. | 250.000 kr. |
| 3.2.2 | Breyting á deiliskipulagi, sbr. 1. mgr. 43. gr. | 200.000 kr. |
| 3.2.3 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. og 1. mgr. 43. gr. | 230.000 kr. |
| 3.2.4 | Breyting á deiliskipulagi sbr. 2. mgr. 43. gr. | 100.000 kr. |
| 3.2.5 | Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. | 100.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| 3.2.6 | Breyting á deiliskipulagi, sbr. 3. mgr. 44. gr. | 100.000 kr. |
| *3.3. Framkvæmdaleyfi.* | | |
| 3.3.1 | Framkvæmdir skv. 13. gr. skipulagslaga | 90.000 kr. |
| 3.3.2 | Framkvæmdir skv. 13. gr. skipulagslaga sem falla undir flokk C í lögum um mat á umhverfisáhrifum | 120.000 kr. |
| 3.3.3 | Framkvæmdir skv. 14. gr. skipulagslaga | 150.000 kr. |
| 3.3.4 | Umsýslu- og auglýsingakostnaður | 50.000 kr. |
| 3.3.5 | Eftirlit umfram eina ferð sem innifalin er í leyfisgjaldi | 20.000 kr. |
| *3.4. Afnotaleyfi.* | | |
| 3.4.1 | Afnotaleyfi vegna bæjarlands, 1-6 dagar | 20.000 kr |
| 3.4.2 | Afnotaleyfi vegna bæjarlands, umfram 6 daga | 50.000 kr |
| 3.4.3 | Viðbótardagsleiga vegna daga umfram umsaminn tíma | 4.000 kr. |
| 3.4.4 | Viðbótardagsleiga með 50% hækkun | 6.000 kr. |

Varðandi afnotaleyfi vísast í reglur fyrir tímabundin afnot af bæjarlandi.

4. gr.

*Gjöld vegna jarðefna.*

| | | |
|---|---|---|
| *4.1. Jarðefni .* | | |
| 4.1.1 | Losunargjald, almennt, hvert skipti | 8.500 kr. |
| 4.1.2 | Losunargjald, minni ökutæki, hvert skipti | 5.500 kr. |
| 4.1.3 | Afgreiðslugjald aðgangslykils | 8.000 kr. |
| 4.1.4 | Uppgröfur/fylling í lóð pr. $m^3$ | 4.000 kr. |

Losunargjald á við losun á móttökusvæði jarðefna í Grjótkelduflóa. Minni ökutæki hafa skráða flutningsgetu undir 12 tonnum.

Uppgröftur/fylling í lóð getur komið til vegna vinnu við gatnagerð til þess að koma í veg fyrir hrun jarðvegs vegna vinnu í lóð. Einnig getur þetta verið vegna stígagerðar, vinnu við gangstéttir o.þ.h.

5. gr.

*Úttektargjöld.*

| | | |
|---|---|---|
| *5.1. Úttektargjöld .* | | |
| 5.1.1 | Úttekt vegna byggingarstjóraskipta | 30.000 kr. |
| 5.1.2 | Einbýlishús | 220.000 kr. |
| 5.1.3 | Parhús, tvíbýlishús, pr. íbúð | 180.000 kr. |
| 5.1.4 | Raðhús, pr. íbúð | 150.000 kr. |
| 5.1.5 | Fjölbýlishús, pr. byggingaráfanga | 400.000 kr. |
| 5.1.6 | Fjölbýlishús, viðbót pr. íbúð | 20.000 kr. |
| 5.1.7 | Atvinnuhúsnæði – stofnanir | 290.000 kr. |
| 5.1.8 | Minni byggingar, gripahús o.þ.h. | 55.000 kr. |
| 5.1.9 | Aukaúttekt – stöðu-, áfanga-, öryggis-, lokaúttekt (pr. úttekt) | 30.000 kr. |
| 5.1.10 | Úttekt vegna leiguhúsnæðis – íbúðarhúsnæði | 30.000 kr. |
| 5.1.11 | Úttekt vegna leiguhúsnæðis – atvinnuhúsnæði | 45.000 kr. |
| 5.1.12 | Úttekt vegna rekstrarleyfa | 30.000 kr. |
| 5.1.13 | Gjald fyrir hvert útkall, ef verkið er ekki úttektarhæft | 25.000 kr. |
| *5.2. Gjöld vegna mælinga.* | | |
| 5.2.1 | Útsetningar fyrir greftri, mannvirki og lóð (3 mælingar) | 250.000 kr. |
| 5.2.2 | Útsetning lóðamarka (ein mæling) | 70.000 kr. |

Innifalið í liðum 5.1.2 - 5.1.7 er ein fokheldis-, áfanga-, öryggis- og lokaúttekt.

6. gr.

*Gjöld fyrir þjónustu, afgreiðslu og vottorð.*

| | | |
|---|---|---|
| *6.1. Gjöld fyrir þjónustu og vottorð.* | | |
| 6.1.1 | Afgreiðslugjald (fast gjald) | 25.000 kr. |
| 6.1.2 | Auka gjald fyrir hverja umfjöllun umfram tvær | 15.000 kr. |
| 6.1.3 | Endurnýjuð byggingarheimild/leyfi – gögn óbreytt | 60.000 kr. |

| | | |
|---|---|---|
| 6.1.4 | Breytingar á uppdráttum og lóðar- og mæliblöðum | 100.000 kr. |
| 6.1.5 | Vottorð vegna fokheldis-, stöðu-, öryggis- og lokaúttektar | 50.000 kr. |
| 6.1.6 | Gjald vegna stofnunar landeigna eða fasteigna (pr. lóð/eign) | 36.000 kr. |
| 6.1.7 | Samrunaskjalagerð | 30.000 kr. |
| 6.1.8 | Nafnabreyting, lands eða lóðar | 20.000 kr. |
| 6.1.9 | Tímagjald starfsmanns á skipulags- og umhverfissviði | 20.000 kr. |
| 6.1.10 | Lóðarleigusamningar | 75.000 kr. |
| 6.1.11 | Umsýslugjald vegna lóðarúthlutunar (1/4 af umsóknargjaldi) | 50.000 kr. |
| *6.2. Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga.* | | |
| 6.2.1 | Eignaskiptayfirlýsingar 2-5 eignir | 42.000 kr. |
| 6.2.2 | 6-15 eignir | 56.000 kr. |
| 6.2.3 | 16-50 eignir | 70.000 kr. |
| 6.2.4 | 51 eign og fleiri | 85.000 kr. |
| 6.2.5 | Aukagjald fyrir hverja yfirferð eignaskiptayfirlýsingar umfram tvær | 12.000 kr. |

7. gr.

*Bílastæðagjald.*

*7.1.Bílastæðagjald skv. 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

| | | |
|---|---|---|
| 7.1.1 | Bílastæðagjald | 600.000 kr. |

8. gr.

*Gjöld vegna yfirferða uppdrátta.*

*8.1. Yfirferð aðal- og séruppdrátta (burðarþols-, lagna- og séruppdrátta aðalhönnuða).*

| | | |
|---|---|---|
| 8.1.1 | Einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús, allt að 6 íbúðir | 100.000 kr. |
| 8.1.2 | Fjölbýlishús, 7-19 íbúðir | 120.000 kr. |
| 8.1.3 | Fjölbýlishús, 20 íbúðir og fleiri | 140.000 kr. |
| 8.1.4 | Frístundahús á einni hæð | 100.000 kr. |
| 8.1.5 | Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnu- og gripahús | 140.000 kr. |
| 8.1.6 | Byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofur o.fl. | 40.000 kr. |
| 8.1.7 | Breyting á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis o.fl. | 60.000 kr. |
| 8.1.8 | Breyting á innra skipulagi sérbýlis, klæðningu húss, svalaskýlis, lóð o.fl. | 40.000 kr. |
| 8.1.9 | Aukagjald fyrir hverja umfjöllun umfram tvær | 20.000 kr. |

9. gr.

*Trygging fyrir gjöldum.*

Álögðum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögveð í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og ganga ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til vátryggingarfjár hennar, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

10. gr.

*Gildistaka og verðbreytingar.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2023, 112,7 stig, og taka breytingum mánaðarlega í samræmi við breytingar á umræddri vísitölu.

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 887/2024.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisráði Akraneskaupstaðar 3. júní 2024.

*Samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, 24. september 2024.*

**Haraldur Benediktsson** bæjarstjóri.

---